# *Hagir og líðan barna í Reykjanesbæ*

## *Niðurstöður rannsókna meðal nemenda í 5., 6. og 7. bekk í Reykjanesbæ árið 2009*


Svandís Nína Jónsdóttir

Birna Baldursdóttir

Margrét Lilja Guðmundsdóttir

Álfgeir Logi Kristjánsson

Inga Dóra Sigfúsdóttir

Jón Sigfússon



*RANNSÓKNIR & GREINING*

Centre for Social Research and Analysis

Ofanleiti 2, 5. hæð – 103 Reykjavík

sími 599 6431 – netfang rannsoknir@rannsoknir.is

# Hagir og líðan barna í Reykjanesbæ

## Niðurstöður rannsókna meðal nemenda í 5., 6. og 7. bekk í Reykjanesbæ árið 2009

www.rannsoknir.is

***Rit þetta má ekki afrita með nokkrum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis Rannsókna & greiningar.***

*© 2009 Rannsóknir & greining ehf*

Unnið fyrir:

# Reykjanesbæ

©2009 Rannsóknir & greining

# Efnisyfirlit

**EFNISYFIRLIT ........................................................................................ 5**

**LISTI YFIR MYNDIR ........................................................................................ 6**

**LISTI YFIR TÖFLUR ........................................................................................ 8**

**INNGANGUR ........................................................................................ 9**

**AÐFERÐ OG GÖGN ........................................................................................ 12**

**ÞÁTTTAKENDUR OG FRAMKVÆMD ........................................................................................ 12**

**AÐFERÐ OG GÖGN ........................................................................................ 13**

*Þátttakendur og mælitæki ........................................................................................ 13*

**ALMENN LÍÐAN BARNA Í 5., 6. OG 7. BEKK ........................................................................................ 14**

*Samband við foreldra og fjölskyldu ........................................................................................ 19*
*Vinir ........................................................................................ 25*
*Stríðni/einelti ........................................................................................ 27*
*Nám og skóli ........................................................................................ 33*
*Íþrótta- og tómstundastarf ........................................................................................ 37*
*Tækjaeign, fjölmiðlanotkun og lestur ........................................................................................ 41*

**HEIMILDIR ........................................................................................ 46**

**©2009 Rannsóknir & greining**

# Listi yfir myndir


Mynd 1. Hlutfall nemenda sem segjast *oft eða mjög oft* hafa fengið reiðiköst sem þeir gátu ekki stjórnað. ..... 14
Mynd 2. Hlutfall nemenda sem segjast *oft eða mjög oft* hafa öskrað eða hent hlutum. ..... 14
Mynd 3. Hlutfall nemenda sem segjast *oft eða mjög oft* hafa langað til að brjóta eða skemma hluti. ..... 15
Mynd 4. Hlutfall nemenda sem segjast *oft eða mjög oft* hafa gert eitthvað bara af því þeir voru svo reiðir ..... 15
Mynd 5. Hlutfall nemenda sem segja að *nokkrum, fáum eða engum* krökkum í bekknum finnist þeir skemmtilegir. ..... 17
Mynd 6. Hlutfall nemenda sem finnast þeir *ekki eða alls ekki* vera flottir. ..... 17
Mynd 7. Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk í Reykjanesbæ sem finnst þeir vera *frekar eða allt of feitir, passlegir eða frekar eða allt of mjóir*. ..... 18
Mynd 8. Hlutfall nemenda sem í Reykjanesbæ árið 2009 eftir því hversu oft þeir fá hjálp frá pabba sínum, mömmu eða systkinum með heimanám sitt. ..... 19
Mynd 9. Hlutfall nemenda sem segja það vera *frekar eða mjög erfitt* að fá ráðleggingar varðandi námið hjá foreldrum sínum. ..... 19
Mynd 10. Hlutfall nemenda sem horfa *sjaldan, næstum aldrei eða aldrei* á sjónvarp eða myndband með pabba sínum eða mömmu. ..... 20
Mynd 11. Hlutfall nemenda sem segja að allir í fjölskyldu sinni tali *sjaldan, næstum aldrei eða aldrei* saman. ..... 20
Mynd 12. Hlutfall nemenda sem segjast *sjaldan, næstum aldrei eða aldrei* vera með foreldrum sínum eftir skóla. ..... 21
Mynd 13. Hlutfall nemenda sem segjast *sjaldan, næstum aldrei eða aldrei* vera með foreldrum sínum um helgar. ..... 21
Mynd 14. Hlutfall nemenda sem segja það vera *frekar eða mjög erfitt* fyrir þá að fá umhyggju og hlýju hjá foreldrum sínum. ..... 22
Mynd 15. Hlutfall nemenda sem segjast *stundum eða oft* vera einir heima eftir skóla. ..... 22
Mynd 16. Hlutfall nemenda sem segir að þeim líði *stundum, oft eða alltaf* illa heima. ..... 23
Mynd 17. Hlutfall nemenda sem segjast *sjaldan, næstum aldrei eða aldrei* fara í leikhús, á sýningar eða tónleika með pabba sínum eða mömmu. ..... 23
Mynd 18. Hlutfall nemenda sem eru *sjaldan, næstum aldrei eða aldrei* í íþróttum eða útivist með pabba sínum eða mömmu. ..... 24
Mynd 19. Hlutfall nemenda sem segjast *fáa eða enga* vini eða vinkonur eiga í skólanum. ..... 25
Mynd 20. Hlutfall nemenda sem segjast *sjaldan, næstum aldrei eða aldrei* vera með vinum eða vinkonum sínum eftir skóla eða um helgar. ..... 25
Mynd 21. Hlutfall nemenda sem segja það eiga *frekar eða mjög illa* við um sig að foreldrar þeirra þekki vini þeirra eða vinkonur. ..... 26
Mynd 22. Hlutfall nemenda sem segja það eiga *frekar eða mjög illa* við um sig að foreldar þeirra þekki foreldra vina/vinkvenna þeirra. ..... 26
Mynd 23. Hlutfall nemenda sem segir það hafa *stundum eða oft* gerst í vetur að þeir hafi verið með nokkrum krökkum að stríða einum krakka. ..... 27
Mynd 24. Hlutfall nemenda sem segir það hafa *stundum eða oft* gerst í vetur að þeir hafi verið með nokkrum krökkum að meiða einn krakka ..... 27
Mynd 25. Hlutfall nemenda sem segir það hafa *stundum eða oft* gerst í vetur að þeir hafi verið með nokkrum krökkum sem réðust á annan hóp. ..... 28
Mynd 26. Hlutfall nemenda sem segir það hafa *stundum eða oft* gerst í vetur að þeir hafi verið með mörgum krökkum sem skildu einn krakka útundan. ..... 28
Mynd 27. Hlutfall nemenda sem segir það hafa gerst *stundum eða oft* í vetur að nokkrir krakkar stríddu þeim einum. ..... 29


**©2009 Rannsóknir & greining**

Mynd 28. Hlutfall nemenda sem segir það hafa gerst *stundum eða oft* í vetur að nokkrir krakkar réðust á þau ein og meiddu. ....... 29
Mynd 29. Hlutfall nemenda sem segir það hafa gerst *stundum eða oft* í vetur að nokkrir krakkar réðust á hóp sem þau voru með. ....... 30
Mynd 30. Hlutfall nemenda sem segir það hafa gerst *stundum eða oft* í vetur að margir krakkar skildu þau eftir útundan. ....... 30
Mynd 31. Svör nemenda í *Reykjanesbæ* við spurningunni um hvort hafi strítt einhverjum krakka s.l. vetur af því að hann eða hún var útlendingur eða fæddist í útlöndum. ....... 31
Mynd 32. Svör nemenda í *Reykjanesbæ* við spurningunni um hvað þeim finnist um það þegar þeim er strítt. ....... 31
Mynd 33. Hlutfall nemenda sem finnst námið *oft eða alltaf* vera of erfitt. ....... 33
Mynd 34. Hlutfall nemenda sem finnst námið *oft eða alltaf* vera of létt. ....... 33
Mynd 35. Hlutfall nemenda sem finnst námið *næstum aldrei eða aldrei* vera skemmtilegt. ....... 34
Mynd 36. Hlutfall nemenda sem langar *oft eða alltaf* til að hætta í skólanum. ....... 34
Mynd 37. Hlutfall nemenda sem líður *oft eða alltaf* illa í kennslustundum. ....... 35
Mynd 38. Hlutfall nemenda sem líður *oft eða alltaf* illa í frímínútum. ....... 35
Mynd 39. Hlutfall nemenda sem líkar *frekar eða mjög illa* við kennarana í skólanum. ....... 36
Mynd 40. Hlutfall nemenda sem segja kennarana *sjaldan, næstum aldrei eða aldrei* hrósa sér í skólanum. ....... 36
Mynd 41. Hlutfall nemenda sem æfa íþróttir *1-3 sinnum í viku* með íþróttafélagi. ....... 37
Mynd 42. Hlutfall nemenda sem æfa íþróttir *4 sinnum í viku eða oftar* með íþróttafélagi. 37
Mynd 43. Hlutfall nemenda sem stunda tónlistar- eða söngnám *1 sinni í viku eða oftar*... 38
Mynd 44. Hlutfall nemenda sem taka *aldrei* þátt í tómstundastarfi í skólanum sínum. ....... 39
Mynd 45. Hlutfall nemenda sem taka *aldrei* þátt í öðru tómstundastarfi sem ekki er á vegum skólans. ....... 39

**©2009 Rannsóknir & greining**

# Listi yfir töflur

Tafla 1. Fjöldi þátttakenda í Reykjanesbæ, greindur eftir bekkjum (fjöldi sem svarar). ........ 13
Tafla 2. Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk í Reykjanesbæ sem hafa *stundum eða oft* fundið fyrir einhverju af eftirtöldu síðastliðna sjö daga fyrir könnun. .................................... 16
Tafla 3. Svör nemenda í 5., 6. og 7. bekk í Reykjanesbæ við spurningunni: Á hvaða stöðum er þér helst strítt (*stundum eða oft*)? ................................................................ 32
Tafla 4. Hlutfall nemenda í Reykjanesbæ sem segja að eftirfarandi atriði hafi skipt *frekar eða mjög miklu* máli þegar þau hættu þátttöku í íþróttum. ................................................ 38
Tafla 5. Hlutfall nemenda í Reykjanesbæ sem segjast stunda eitthvað af eftirtöldu *einu sinni í viku eða oftar*. ............................................................................................ 40
Tafla 7. Hlutfall nemenda á landinu öllu sem segjast *eiga sjálfir* eftirfarandi hluti. .............. 41
Tafla 8. Tími sem strákar og stelpur í 5., 6. og 7. bekk í Reykjanesbæ verja að jafnaði í að *horfa á sjónvarp / videó/ DVD* á hverjum degi. .......................................................... 42
Tafla 9. Tími sem strákar og stelpur í 5., 6. og 7. bekk í Reykjanesbæ verja að jafnaði í að *spila tölvuleiki á netinu* á hverjum degi. ..................................................................... 42
Tafla 10. Tími sem strákar og stelpur í 5., 6. og 7. bekk í Reykjanesbæ verja að jafnaði í að *spila tölvuleiki sem ekki eru á netinu* á hverjum degi. ................................................ 43
Tafla 12. Tími sem strákar og stelpur í 5., 6. og 7. bekk í Reykjanesbæ verja að jafnaði í að *nota tölvur í annað en vera á netinu eða spila tölvuleiki* á hverjum degi. .................... 44
Tafla 13. Tími sem strákar og stelpur í 5., 6. og 7. bekk í Reykjanesbæ verja að jafnaði í að *lesa bækur* (aðrar en skólabækur) á hverjum degi. ..................................................... 45
Tafla 14. Tími sem strákar og stelpur í 5., 6. og 7. bekk í Reykjanesbæ verja að jafnaði í að *lesa teiknimyndabækur eða teiknimyndablöð* á hverjum degi. .................................... 45

**©2009 Rannsóknir & greining**

# Inngangur

Hagir og líðan barna og unglinga í nærsamfélaginu varða alla einstaklinga sem hvert þeirra byggir. Nýjar og nýlegar rannsóknir hafa sýnt að áhrif nærsamfélagsins á líf og líðan barna og unglinga eru mikilvæg hverjum einstaklingi en standa auk þess sjálfstæð utan við áhrif hvers og eins þeirra[1]. Þannig hafa þessar rannsóknir m.a. sýnt að líkur á vímuefnanotkun eru minni fyrir alla unglinga í nærsamfélögum þar sem foreldrasamvinna er mikil, en ekki bara fyrir þá einstaklinga sem eiga foreldra sem eru virkir þátttakendur í foreldrasamvinnu. Þessar rannsóknir renna því stoðum undir mikilvægi þess að leggja áherslu á nærsamfélagið í heild við hvers konar heilsueflingar- og forvarnavinnu meðal barna og unglinga.

Rannsóknir sem gerðar hafa verið á undanförnum árum og áratugum benda til þess að tengsl unglinga við foreldra sína og fjölskyldu skipti miklu máli fyrir þróun og þroska þeirra, sem og samverustundir fjölskyldunnar.[2] Foreldrar eru ungu fólki mikilvægir og sterkar fyrirmyndir[3] og eru lykilaðilar í félagslegu stuðningsneti þeirra[4]. Rannsóknir hafa t.d. sýnt að aðhald, eftirlit og stuðningur foreldra hefur jákvæð áhrif á námsárangur ungmenna[5] og að þeir unglingar sem verja miklum tíma með foreldrum sínum og/eða eru vel tengdir þeim eru ólíklegri en aðrir unglingar til að leiðast út í notkun vímuefna lendi þeir í félagsskap þar sem vímuefnaneysla er algeng.[6] Þess utan eru unglingar sem eiga stöðug og jákvæð samskipti við foreldra sína, og fá mikinn stuðning frá þeim, líklegri til að ganga vel í skóla[7] og eignast vini þar sem svipað samskiptamynstur er uppi á teningnum.[8]

Félagslíf ungmenna fer að miklu leyti fram í hópi jafningja[9]. Áhrif jafningjahópsins í lífi unglinga eru sterk en þar fer fram mikilvæg mótun hugmynda, viðmiða og gilda meðal einstaklinganna.[10] Hegðun og gildismat unglinga tengist því

[1] Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl. 2009; Jón Gunnar Berburg o.fl. 2009; Þóroddur Bjarnason o.fl. 2005; Þórólfur Þórlindsson o.fl. 2007.
[2] Coleman, 1988; Warr, 1993, Þóroddur Bjarnason o.fl. 2005.
[3] Bandura, 1977.
[4] O'Byrne o.fl. 2002.
[5] Coleman, 1988; Sheldon og Epstein 2005.
[6] Bachman o.fl. 1987.
[7] Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. 2006.
[8] Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998.
[9] Sutherland 1978; Hirchi, 1969, Bandura, 1977.
[10] Altermatt og Pomerantz 2005; Bowker o.fl 2000; Carter o.fl. 2003.

©2009 Rannsóknir & greining

sama meðal jafningjanna með mjög sterkum hætti.[11] Hafa niðurstöður rannsókna meðal annars sýnt að neikvæð viðbrögð félaganna við tóbaksnotkun beri með sér minnkandi líkur á slíkri neyslu[12] og að unglingar sem stunda íþróttir og reglulega hreyfingu séu líklegri til að eiga vini sem gera svo einnig.[13] Þá sýna rannsóknir að skemmtanalífsstíll jafningjanna hafi áhrif á líkur á vímuefnanotkun unglinga.[14]

Margar rannsóknir hafa einnig sýnt að samband barna og unglinga við skólann sinn, líðan þeirra í honum og skuldbinding þeirra við nám séu mikilvægir þættir í líðan þeirra og sjálfsmynd.[15] Skólinn er vinnustaður þeirra barna sem hann sækja og þar verja þau drjúgum tíma á mótandi aldursskeiði. Mikilvægt er að fylgjast grannt með áhuga unglinga á námi sínu og líðan þeirra í skólanum. Þessir þættir geta gefið mikilvægar vísbendingar um þörf á inngripum í anda fyrsta stigs forvarna, áður en aukinn vandi, s.s. vímuefnanotkun, gerir vart við sig.[16]

Regluleg líkamleg áreynsla og hreyfing er mikilvæg hverju barni[17]. Ný íslensk rannsókn meðal barna í efstu bekkjum grunnskóla sýnir að hlutfall þeirra unglinga sem hreyfa sig mikið hefur aukist hér á landi undanfarin ár en að sama skapi hafi hlutfall þeirra sem hreyfa sig lítið eða ekki neitt einnig aukist.[18] Í ljósi þessa er vert að benda á að rannsóknir sýna ítrekað að unglingar sem stunda íþróttir og/eða líkamsþjálfun reglulega eru líklegri til að líða betur en öðrum unglingum[19], og eru ólíklegri til reykja sígarettur[20], nota vímuefni, eða taka þátt í öðru neikvæðu atferli, en aðrir unglingar.[21]

Þá hafa rannsóknir sýnt um árabil að sjálfsmynd unglinga sé að miklu leyti mótuð í gegnum þátttöku í frístundum og tómstundastarf þeirra, sem oft liggur utan við umhverfi fjölskyldu og skóla.[22] Kenningar og rannsóknir um lífsstíl unglinga, sem

[11] Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. 2008; Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl. 2009; Þórólfur Þórlindsson og Jón Gunnar Bernburg 2006.
[12] Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. 2008.
[13] Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. 2006.
[14] Þórólfur Þórlindsson og Jón Gunnar Bernburg, 2006.
[15] Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. 2005, 2006; Coleman 1988; Hirchi 1969.
[16] Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl. 2009. Álfgeir Logi Kristjánsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir, í prentun.
[17] Allegrente 2004.
[18] Sigríður Þóra Eiðsdóttir o.fl. 2008.
[19] Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. (2006).
[20] Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. (2008).
[21] Rúnar Vilhjálmsson og Þórólfur Þórlindsson 1992; Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998; Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1994.
[22] Osgood og Anderson, 2004; Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998; Þórólfur Þórlindsson og Jón Gunnar Bernburg 2006.

**©2009 Rannsóknir & greining**

miðast oft við að skýra hvað þeir geri í frístundum og með hverjum þeir verja tíma sínum, hafa sýnt fram á að það skiptir miklu máli í velferð barna og ungmenna hvers eðlis tómstundir þeirra eru.[23] Einnig hefur verið bent á að unglingar þrói snemma á lífsleiðinni með sér ákveðið skyn sem hefur áhrif á þann lífsstíl sem þeir velja. Þá hefur gerð félags- og tómstundastarfs verið rannsökuð og sýna niðurstöður að slík starfsemi sem er skipulögð og í umsjá ábyrgra aðila er líklegri til að hafa uppbyggjandi áhrif í lífi þeirra en starf sem ekki er skipulagt og í umsjá ábyrgra aðila[24], og að skipulagt tómstundastarf dregur úr líkum á að unglingar tileinki sér lífsstíl sem einkennist af áhættuhegðun svo sem notkun vímuefna.[25]

Rannsóknarröðin *Ungt fólk*, meðal nemenda í 5.-7. bekk, 8.-10. bekk og í framhaldsskólum, sem menntamálaráðuneytið, sveitarfélög og rannsóknaraðilar hafa staðið að frá 1992 ber með sér mikilvægi heildrænnar úttektar og samræmdra áætlana. Í þessum rannsóknum er áhersla lögð á að ná til allra barna og unglinga innan hvers nærsamfélags til að hámarka notagildi gagnanna fyrir fólk sem lifir og starfar á vettvangi, bæði starfsfólk skóla og stofnana, ekki síður en fyrir foreldra og almenning. Árið 1999 hófst samstarf ráðuneytisins og rannsóknarmiðstöðvarinnar *Rannsókna & greiningar* sem staðið hefur samfellt fram á þennan dag. Ungt fólk rannsóknirnar hafa þannig verið unnar af Rannsóknum & greiningu fyrir menntamálaráðuneytið, sveitarfélög og stofnanir meðal grunn- og framhaldsskólanema. Með þessum rannsóknum hefur verið tryggt að hægt sé að vinna úr greinargóðum og samanburðarhæfum upplýsingum um hagi barna og ungmenna fyrir fjölmarga aðila. Samhliða ört vaxandi kröfum um rannsóknarmiðaða stefnumótun hafa þeir sem starfa að málefnum barna og ungmenna á Íslandi í síauknum mæli nýtt sér niðurstöður þeirra, en allar þessar rannsóknir gefa kost á samanburði milli landssvæða og tímabila. Í þróun Ungt fólk rannsóknanna hefur starfsfólk Rannsókna & greiningar, menntamálaráðuneytisins og sveitarfélaganna notið góðs af einstöku samstarfi við skólastjórnendur, kennara og nemendur í grunn- og framhaldsskólum landsins um árabil. Þeirra framlag undanfarin ár og aðstoð við fyrirlagnir spurningalista hefur stuðlað að því að svo umfangsmiklar gagnasafnanir sem kannanirnar *Ungt fólk* eru hafi farið reglulega fram. Þessum upplýsingum eru þeim sem starfa að málefnum

[23] Osgood o.fl. 1996; Peretti-Watel og Lorente 2004.
[24] Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. 2005; Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. 2006.
[25] Piko og Fitzpatrick 2004.

**©2009 Rannsóknir & greining**

barna og ungmenna ómetanleg verkfæri við stefnumótun og störf á plani nærsamfélagins á hverjum stað og tíma.

Í þessari úttekt getur að líta niðurstöður rannsókna meðal nemenda í 5., 6. og 7. bekk grunnskóla á Íslandi vorið 2009. Gagnasöfnun fór fram með spurningalistakönnun í febrúarmánuði. Líkt og í fyrri rannsóknum er athyglinni beint að ýmsum þáttum í lífi unglinga er varða hagi þeirra og líðan, s.s. sambandi við foreldra og jafningja, viðhorf til náms og skóla og hvað þau aðhafast í frítíma sínum. Þá eru ýmsir vísar um félagslegt umhverfi unglinga í nærsamfélaginu. Allar myndir og töflur í þessari skýrslu standa sjálfstæðar og eru látnar tala sínu máli.

# Aðferð og gögn

## Þátttakendur og framkvæmd

Gögnin sem þessi skýrsla byggir á eru fengin úr viðamikilli könnun Rannsókna & greiningar sem var lögð fyrir alla nemendur í 5. til 7. bekk grunnskóla á Íslandi í febrúar árið 2009. Hér er því ekki um hefðbundna úrtakskönnun að ræða heldur könnun sem var lögð fyrir allt þýðið. Framkvæmd könnunarinnar var þannig háttað að spurningalistar voru sendir í skólanna þar sem kennarar sáu um að leggja þá fyrir. Allir nemendur sem sátu í kennslustundum daginn sem hver könnun fór fram svöruðu spurningalistunum. Með hverjum spurningalista fylgdi ómerkt umslag sem nemendur settu listana í að útfyllingu lokinni. Ítrekað var fyrir þátttakendum að rita hvorki nafn né kennitölu á spurningalistana eða umslögin svo útilokað væri að rekja svörin til einstakra nemenda. Jafnframt voru nemendur vinsamlegast beðnir um að svara öllum spurningunum eftir bestu samvisku og biðja um hjálp ef þeir þyrftu á að halda. Í heild fengust gild svör frá 11.508 nemendum í 5. til 7. bekk á landsvísu sem jafngildir 88% svarhlutfalli.

©2009 Rannsóknir & greining

# Aðferð og gögn

## Þátttakendur og mælitæki

Gögnin sem þessi skýrsla byggir á eru fengin úr viðamikilli könnun Rannsókna & greiningar sem var lögð fyrir alla nemendur í 5. til 7. bekk grunnskóla á Íslandi í febrúar árið 2007. Þátttakendur voru nemendur í 5., 6. og 7. bekk allra grunnskóla á Íslandi. Hér er því ekki um hefðbundna úrtakskönnun að ræða heldur könnun sem var lögð fyrir allt þýðið. Framkvæmd könnunarinnar var þannig háttað að spurningalistar voru sendir í skólana þar sem kennarar sáu um að leggja þá fyrir. Allir nemendur sem sátu í kennslustundum daginn sem hver könnun fór fram svöruðu spurningalistunum. Með hverjum spurningalista fylgdi ómerkt umslag sem nemendur settu listana í að útfyllingu lokinni. Ítrekað var fyrir þátttakendum að rita hvorki nafn né kennitölu á spurningalistana eða umslögin svo útilokað væri að rekja svörin til einstakra nemenda. Jafnframt voru nemendur vinsamlegast beðnir um að svara öllum spurningunum eftir bestu samvisku og biðja um hjálp ef þeir þyrftu á að halda.

Í töflu 1 má sjá fjölda þátttakenda í Reykjanesbæ, greindan eftir bekkjum. Árið 2009 var heildarsvarhlutfall nemenda í Reykjanesbæ 86%. Svarhlutfallið var 87,4% í 5. bekk, 87,4% í 6. bekk og 87,2% í 7. bekk.

Tafla 1. Fjöldi þátttakenda í Reykjanesbæ, greindur eftir bekkjum (fjöldi sem svarar).

| **Bekkur:** | **2009** |
|---|---|
| 5. bekkur: | 181 |
| 6. bekkur: | 181 |
| 7. bekkur: | 177 |
| Bekkur ótilgreindur: | 5 |
| **Heildarfjöldi:** | **544** |

©2009 Rannsóknir & greining

# Almenn líðan barna í 5., 6. og 7. bekk




**Mynd 1.** Hlutfall nemenda sem segjast *oft eða mjög oft* hafa fengið reiðiköst sem þeir gátu ekki stjórnað.




**Mynd 2.** Hlutfall nemenda sem segjast *oft eða mjög oft* hafa öskrað eða hent hlutum.

©2009 Rannsóknir & greining




**Mynd 3.** Hlutfall nemenda sem segjast *oft eða mjög oft* hafa langað til að brjóta eða skemma hluti.




**Mynd 4.** Hlutfall nemenda sem segjast *oft eða mjög oft* hafa gert eitthvað bara af því þeir voru svo reiðir.

©2009 Rannsóknir & greining

**Tafla 2.** Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk í Reykjanesbæ sem hafa *stundum eða oft* fundið fyrir einhverju af eftirtöldu síðastliðna sjö daga fyrir könnun.

| | 5. bekkur | | 6. bekkur | | 7. bekkur | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Einkenni: Stundum eða oft** | **Strákar (%)** | **Stelpur (%)** | **Strákar (%)** | **Stelpur (%)** | **Strákar (%)** | **Stelpur (%)** |
| Svima | 9,8 | 23,2 | 8,7 | 10,7 | 12,9 | 29,1 |
| Skjálfta | 1,2 | 9,8 | 2 | 4,1 | 5,9 | 12,8 |
| Skyndilega hrædd(ur) | 6,4 | 16,3 | 8,2 | 9,5 | 7 | 18,8 |
| Óþægilega uppspennt(ur) | 12,8 | 13,3 | 13,9 | 12,5 | 9,5 | 14,5 |
| Leið(ur) eða lítill áhugi | 12,7 | 12,6 | 18,8 | 11 | 13,1 | 22,1 |
| Lítil matarlyst | 16,5 | 16,8 | 16 | 13,5 | 12,9 | 27,9 |
| Einmana | 8,9 | 9,6 | 11 | 13,5 | 12,9 | 18,6 |
| Grét auðveldlega | 3,9 | 19,1 | 6,9 | 14,9 | 8,2 | 31,4 |
| Erfitt með að sofa eða sofna | 16,5 | 22,1 | 14,7 | 14,9 | 23,5 | 34,1 |
| Niðurdreginn eða dapur/döpur | 1,3 | 13,8 | 7 | 9,5 | 8,3 | 11,9 |
| Ekki spennt(ur) fyrir að gera nokkuð | 7,6 | 10,5 | 11,9 | 9,5 | 14,1 | 9,5 |
| Máttlaus | 5,3 | 10,5 | 8,9 | 8,2 | 6 | 8,3 |
| Fannst framtíðin vonlaus | 6,3 | 8,4 | 6 | 5,6 | 10,7 | 12,9 |

©2009 Rannsóknir & greining




**Mynd 5.** Hlutfall nemenda sem segja að *nokkrum, fáum eða engum* krökkum í bekknum finnist þeir skemmtilegir.




**Mynd 6.** Hlutfall nemenda sem finnast þeir *ekki eða alls ekki* vera flottir.

©2009 Rannsóknir & greining




**Mynd 7.** Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk í Reykjanesbæ sem finnst þeir vera *frekar eða allt of feitir, passlegir eða frekar eða allt of mjóir.*

## Samband við foreldra og fjölskyldu




**Mynd 8.** Hlutfall nemenda sem í Reykjanesbæ árið 2009 eftir því hversu oft þeir fá hjálp frá pabba sínum, mömmu eða systkinum með heimanám sitt.




**Mynd 9.** Hlutfall nemenda sem segja það vera *frekar eða mjög erfitt* að fá ráðleggingar varðandi námið hjá foreldrum sínum.

©2009 Rannsóknir & greining




**Mynd 10.** Hlutfall nemenda sem horfa *sjaldan, næstum aldrei eða aldrei* á sjónvarp eða myndband með pabba sínum eða mömmu.




**Mynd 11.** Hlutfall nemenda sem segja að allir í fjölskyldu sinni tali *sjaldan, næstum aldrei eða aldrei* saman.

©2009 Rannsóknir & greining




**Mynd 12.** Hlutfall nemenda sem segjast *sjaldan, næstum aldrei eða aldrei* vera með foreldrum sínum eftir skóla.




**Mynd 13.** Hlutfall nemenda sem segjast *sjaldan, næstum aldrei eða aldrei* vera með foreldrum sínum um helgar.

©2009 Rannsóknir & greining




**Mynd 14.** Hlutfall nemenda sem segja það vera *frekar eða mjög erfitt* fyrir þá að fá umhyggju og hlýju hjá foreldrum sínum.




**Mynd 15.** Hlutfall nemenda sem segjast *stundum eða oft* vera einir heima eftir skóla.

©2009 Rannsóknir & greining




**Mynd 16.** Hlutfall nemenda sem segir að þeim líði *stundum, oft eða alltaf* illa heima.




**Mynd 17.** Hlutfall nemenda sem segjast *sjaldan, næstum aldrei eða aldrei* fara í leikhús, á sýningar eða tónleika með pabba sínum eða mömmu.

©2009 Rannsóknir & greining




**Mynd 18.** Hlutfall nemenda sem eru *sjaldan, næstum aldrei eða aldrei* í íþróttum eða útivist með pabba sínum eða mömmu.

## Vinir




**Mynd 19.** Hlutfall nemenda sem segjast *fáa eða enga* vini eða vinkonur eiga í skólanum.




**Mynd 20.** Hlutfall nemenda sem segjast *sjaldan, næstum aldrei eða aldrei* vera með vinum eða vinkonum sínum eftir skóla eða um helgar.

©2009 Rannsóknir & greining




**Mynd 21.** Hlutfall nemenda sem segja það eiga *frekar eða mjög illa* við um sig að foreldrar þeirra þekki vini þeirra eða vinkonur.




**Mynd 22.** Hlutfall nemenda sem segja það eiga *frekar eða mjög illa* við um sig að foreldar þeirra þekki foreldra vina/vinkvenna þeirra.

**©2009 Rannsóknir & greining**

## Stríðni/einelti




**Mynd 23.** Hlutfall nemenda sem segir það hafa *stundum eða oft* gerst í vetur að þeir hafi verið með nokkrum krökkum að stríða einum krakka.




**Mynd 24.** Hlutfall nemenda sem segir það hafa *stundum eða oft* gerst í vetur að þeir hafi verið með nokkrum krökkum að meiða einn krakka.

©2009 Rannsóknir & greining




**Mynd 25.** Hlutfall nemenda sem segir það hafa *stundum eða oft* gerst í vetur að þeir hafi verið með nokkrum krökkum sem réðust á annan hóp.




**Mynd 26.** Hlutfall nemenda sem segir það hafa *stundum eða oft* gerst í vetur að þeir hafi verið með mörgum krökkum sem skildu einn krakka útundan.

©2009 Rannsóknir & greining




**Mynd 27.** Hlutfall nemenda sem segir það hafa gerst *stundum eða oft* í vetur að nokkrir krakkar stríddu þeim einum.




**Mynd 28.** Hlutfall nemenda sem segir það hafa gerst *stundum eða oft* í vetur að nokkrir krakkar réðust á þau ein og meiddu.

©2009 Rannsóknir & greining




**Mynd 29.** Hlutfall nemenda sem segir það hafa gerst *stundum eða oft* í vetur að nokkrir krakkar réðust á hóp sem þau voru með.




**Mynd 30.** Hlutfall nemenda sem segir það hafa gerst *stundum eða oft* í vetur að margir krakkar skildu þau eftir útundan.

©2009 Rannsóknir & greining




**Mynd 31.** Svör nemenda í *Reykjanesbæ* við spurningunni um hvort hafi strítt einhverjum krakka s.l. vetur af því að hann eða hún var útlendingur eða fæddist í útlöndum.




**Mynd 32.** Svör nemenda í *Reykjanesbæ* við spurningunni um hvað þeim finnist um það þegar þeim er strítt.

©2009 Rannsóknir & greining

**Tafla 3.** Svör nemenda í 5., 6. og 7. bekk í Reykjanesbæ við spurningunni: Á hvaða stöðum er þér helst strítt (*stundum eða oft*)?

| | 5. bekkur | | 6. bekkur | | 7. bekkur | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Ef strítt, þá hvar. | Strákar (%) | Stelpur (%) | Strákar (%) | Stelpur (%) | Strákar (%) | Stelpur (%) |
| Í kennslustundum | 5,2 | 4,3 | 4,2 | 4,1 | 4,8 | 4,7 |
| Á göngunum | 3,8 | 5,3 | 4,2 | 4,1 | 6 | 5,8 |
| Í Leikfimi eða sundi | 3,8 | 5,4 | 4,2 | 4,1 | 8,4 | 5,8 |
| Í búningsklefum eða sturtu | 1,3 | 3,2 | 6,2 | 2,8 | 8,3 | 4,7 |
| Í frímínútum á skólalóðinni | 10 | 16,8 | 14,1 | 9,6 | 5,9 | 11,5 |
| Á leið í og úr skóla | 2,6 | 8,6 | 4,1 | 2,8 | 1,2 | 9,2 |
| Á MSN eða spjallrásum | 0 | 4,4 | 3,2 | 2,7 | 1,2 | 9,2 |
| Í frítíma mínum | 3,9 | 3,2 | 2,1 | 1,4 | 3,6 | 5,8 |
| Í síma eða með SMS skilaboðum | 2,6 | 2,1 | 2,2 | 1,4 | 1,2 | 3,5 |
| Í matsal eða í matartímum | 1,3 | 3,3 | 4,1 | 2,7 | 4,8 | 6,9 |

©2009 Rannsóknir & greining

## Nám og skóli




**Mynd 33.** Hlutfall nemenda sem finnst námið *oft eða alltaf* vera of erfitt.




**Mynd 34.** Hlutfall nemenda sem finnst námið *oft eða alltaf* vera of létt.

©2009 Rannsóknir & greining




**Mynd 35.** Hlutfall nemenda sem finnst námið *næstum aldrei eða aldrei* vera skemmtilegt.




**Mynd 36.** Hlutfall nemenda sem langar *oft eða alltaf* til að hætta í skólanum.

**©2009 Rannsóknir & greining**




**Mynd 37.** Hlutfall nemenda sem líður *oft eða alltaf* illa í kennslustundum.




**Mynd 38.** Hlutfall nemenda sem líður *oft eða alltaf* illa í frímínútum.

**©2009 Rannsóknir & greining**




**Mynd 39.** Hlutfall nemenda sem líkar *frekar eða mjög illa* við kennarana í skólanum.




**Mynd 40.** Hlutfall nemenda sem segja kennarana *sjaldan, næstum aldrei eða aldrei* hrósa sér í skólanum.

©2009 Rannsóknir & greining

## Íþrótta- og tómstundastarf




**Mynd 41.** Hlutfall nemenda sem æfa íþróttir *1-3 sinnum í viku* með íþróttafélagi.




**Mynd 42.** Hlutfall nemenda sem æfa íþróttir *4 sinnum í viku eða oftar* með íþróttafélagi.

©2009 Rannsóknir & greining

**Tafla 4.** Hlutfall nemenda <u>í Reykjanesbæ</u> sem segja að eftirfarandi atriði hafi skipt *frekar eða mjög miklu* máli þegar þau hættu þátttöku í íþróttum.

| | 5. bekkur | | 6. bekkur | | 7. bekkur | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Skipti frekar eða mjög miklu máli** | **Strákar (%)** | **Stelpur (%)** | **Strákar (%)** | **Stelpur (%)** | **Strákar (%)** | **Stelpur (%)** |
| Ég missti áhugann | 73 | 57 | 43 | 39 | 52 | 61 |
| Kostnaður (of dýrt) | 65 | 56 | 63 | 46 | 64 | 36 |
| Vinir mínir hættu | 70 | 54 | 54 | 37 | 42 | 45 |
| Tímaleysi | 63 | 60 | 56 | 29 | 52 | 37 |
| Mikil samkeppni | 55 | 55 | 45 | 48 | 36 | 31 |




**Mynd 43.** Hlutfall nemenda sem stunda tónlistar- eða söngnám *1 sinni í viku eða oftar*.




**Mynd 44.** Hlutfall nemenda sem taka *aldrei* þátt í tómstundastarfi í skólanum sínum.




**Mynd 45.** Hlutfall nemenda sem taka *aldrei* þátt í öðru tómstundastarfi sem ekki er á vegum skólans.

©2009 Rannsóknir & greining

**Tafla 5.** Hlutfall nemenda í Reykjanesbæ sem segjast stunda eitthvað af eftirtöldu *einu sinni í viku eða oftar*.

| | 5. bekkur | | 6. bekkur | | 7. bekkur | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Stundar þú...** | **Strákar (%)** | **Stelpur (%)** | **Strákar (%)** | **Stelpur (%)** | **Strákar (%)** | **Stelpur (%)** |
| Félags- og tómstundastarf í félagsmiðstöð | 8 | 1 | 6 | 3 | 5 | 4 |
| Dans | 4 | 8 | 1 | 16 | 7 | 13 |
| Skátastarf | 1 | 3 | 5 | 1 | 3 | 3 |
| Hestamennsku | 3 | 8 | 5 | 1 | 4 | 11 |
| Skák | 5 | 4 | 16 | 1 | 4 | 0 |
| K.F.U.M eða K.F.U.K | 4 | 7 | 4 | 1 | 5 | 4 |

©2009 Rannsóknir & greining

## Tækjaeign, fjölmiðlanotkun og lestur

**Tafla 6.** Hlutfall nemenda í Reykjanesbæ sem segjast *eiga sjálfir* eftirfarandi hluti.

| | 5. bekkur | | 6. bekkur | | 7. bekkur | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Ég á sjálf(ur) | Strákar (%) | Stelpur (%) | Strákar (%) | Stelpur (%) | Strákar (%) | Stelpur (%) |
| Sjónvarp | 92,5 | 88,2 | 95,2 | 98,6 | 93 | 95,3 |
| DVD / Videó | 81,2 | 81,7 | 92,3 | 90,4 | 82,6 | 92,7 |
| Leikjatölvu | 96,3 | 83,9 | 95,1 | 82,2 | 95,3 | 85,9 |
| Tölvu | 69,6 | 46,7 | 76,7 | 51,4 | 74,4 | 66,7 |
| Vefmyndavél | 48,1 | 44 | 45,5 | 45,8 | 48,2 | 60,7 |
| GSM síma | 86,2 | 89,2 | 88,5 | 97,3 | 91,8 | 97,6 |

**Tafla 7.** Hlutfall nemenda á landinu öllu sem segjast *eiga sjálfir* eftirfarandi hluti.

| | 5. bekkur | | 6. bekkur | | 7. bekkur | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Ég á sjálf(ur) | Strákar (%) | Stelpur (%) | Strákar (%) | Stelpur (%) | Strákar (%) | Stelpur (%) |
| Sjónvarp | 86,3 | 76,9 | 88,8 | 79 | 88,9 | 78,6 |
| DVD / Videó | 80,2 | 75,1 | 82 | 76,6 | 83,5 | 74,6 |
| Leikjatölvu | 91,4 | 65,5 | 93 | 69 | 93,8 | 67,2 |
| Tölvu | 67,7 | 42,3 | 73,1 | 49,6 | 76,4 | 57,3 |
| Vefmyndavél | 38,6 | 35,4 | 39,9 | 40 | 44,7 | 46,7 |
| GSM síma | 84,3 | 82,6 | 80,6 | 88,1 | 85,5 | 91,5 |

©2009 Rannsóknir & greining

**Tafla 8.** Tími sem strákar og stelpur í 5., 6. og 7. bekk í Reykjanesbæ verja að jafnaði í að *horfa á sjónvarp / videó/ DVD* á hverjum degi.

| Bekkur | Svarmöguleikar | Strákar (%) | Stelpur (%) | Heild (%) |
|---|---|---|---|---|
| 5. bekkur | Engum tíma | 21 | 19,6 | 20,2 |
| | 1/2 til 1 klst. | 50,6 | 56,5 | 53,8 |
| | 2 til 3 klst. | 22,2 | 22,8 | 22,5 |
| | meira en 4 klst. | 6,2 | 1,1 | 3,5 |
| | | | | |
| 6. bekkur | Engum tíma | 10,6 | 9,6 | 10,2 |
| | 1/2 til 1 klst. | 42,3 | 64,4 | 51,4 |
| | 2 til 3 klst. | 34,6 | 23,3 | 29,9 |
| | meira en 4 klst. | 12,5 | 2,7 | 8,5 |
| | | | | |
| 7. bekkur | Engum tíma | 2,4 | 3,6 | 3 |
| | 1/2 til 1 klst. | 41,5 | 48,8 | 45,2 |
| | 2 til 3 klst. | 46,3 | 40,5 | 43,4 |
| | meira en 4 klst. | 9,8 | 7,1 | 8,4 |

**Tafla 9.** Tími sem strákar og stelpur í 5., 6. og 7. bekk í Reykjanesbæ verja að jafnaði í að *spila tölvuleiki á netinu* á hverjum degi.

| Bekkur | Svarmöguleikar | Strákar (%) | Stelpur (%) | Heild (%) |
|---|---|---|---|---|
| 5. bekkur | Engum tíma | 29,5 | 42,4 | 36,5 |
| | 1/2 til 1 klst. | 48,7 | 46,7 | 47,6 |
| | 2 til 3 klst. | 15,4 | 9,8 | 12,4 |
| | meira en 4 klst. | 6,4 | 1,1 | 3,5 |
| | | | | |
| 6. bekkur | Engum tíma | 27,5 | 38,9 | 32,2 |
| | 1/2 til 1 klst. | 44,1 | 52,8 | 47,7 |
| | 2 til 3 klst. | 18,6 | 8,3 | 14,4 |
| | meira en 4 klst. | 9,8 | 0 | 5,7 |
| | | | | |
| 7. bekkur | Engum tíma | 22,6 | 42,9 | 32,7 |
| | 1/2 til 1 klst. | 47,6 | 45,2 | 46,4 |
| | 2 til 3 klst. | 14,3 | 8,3 | 11,3 |
| | meira en 4 klst. | 15,5 | 3,6 | 9,5 |

©2009 Rannsóknir & greining

**Tafla 10.** Tími sem strákar og stelpur í 5., 6. og 7. bekk í Reykjanesbæ verja að jafnaði í að *spila tölvuleiki sem* ***ekki*** *eru á netinu* á hverjum degi.

| Bekkur | Svarmöguleikar | Strákar (%) | Stelpur (%) | Heild (%) |
|---|---|---|---|---|
| 5. bekkur | Engum tíma | 46,2 | 58 | 52,4 |
| | 1/2 til 1 klst. | 38,5 | 34,1 | 36,1 |
| | 2 til 3 klst. | 10,3 | 3,4 | 6,6 |
| | meira en 4 klst. | 5,1 | 4,5 | 4,8 |
| | | | | |
| 6. bekkur | Engum tíma | 33 | 62,9 | 45,3 |
| | 1/2 til 1 klst. | 33 | 28,6 | 31,2 |
| | 2 til 3 klst. | 22 | 8,6 | 16,5 |
| | meira en 4 klst. | 12 | 0 | 7,1 |
| | | | | |
| 7. bekkur | Engum tíma | 23,2 | 58,3 | 41 |
| | 1/2 til 1 klst. | 45,1 | 29,8 | 37,3 |
| | 2 til 3 klst. | 19,5 | 9,5 | 14,5 |
| | meira en 4 klst. | 12,2 | 2,4 | 7,2 |

©2009 Rannsóknir & greining

**Tafla 12.** Tími sem strákar og stelpur í 5., 6. og 7. bekk í Reykjanesbæ verja að jafnaði í að *nota tölvur í annað en vera á netinu eða spila tölvuleiki* á hverjum degi.

| Bekkur | Svarmöguleikar | Strákar (%) | Stelpur (%) | Heild (%) |
|---|---|---|---|---|
| 5. bekkur | Engum tíma | 26,3 | 37,6 | 32,5 |
| | 1/2 til 1 klst. | 48,7 | 45,2 | 46,7 |
| | 2 til 3 klst. | 19,7 | 15,1 | 17,2 |
| | meira en 4 klst. | 5,3 | 2,2 | 3,6 |
| | | | | |
| 6. bekkur | Engum tíma | 23,2 | 28,8 | 25,6 |
| | 1/2 til 1 klst. | 46,5 | 56,2 | 50,6 |
| | 2 til 3 klst. | 23,2 | 13,7 | 19,2 |
| | meira en 4 klst. | 7,1 | 1,4 | 4,7 |
| | | | | |
| 7. bekkur | Engum tíma | 9,5 | 11 | 10,2 |
| | 1/2 til 1 klst. | 41,7 | 41,5 | 41,6 |
| | 2 til 3 klst. | 33,3 | 35,4 | 34,3 |
| | meira en 4 klst. | 15,5 | 12,2 | 13,9 |

©2009 Rannsóknir & greining

**Tafla 13.** Tími sem strákar og stelpur í 5., 6. og 7. bekk í Reykjanesbæ verja að jafnaði í að *lesa bækur* (aðrar en skólabækur) á hverjum degi.

| Bekkur | Svarmöguleikar | Strákar (%) | Stelpur (%) | Heild (%) |
|---|---|---|---|---|
| 5. bekkur | Engum tíma | 23,4 | 9,9 | 16,1 |
| | 1/2 til 1 klst. | 63,6 | 79,1 | 72 |
| | 2 til 3 klst. | 9,1 | 9,9 | 9,5 |
| | meira en 4 klst. | 3,9 | 1,1 | 2,4 |
| | | | | |
| 6. bekkur | Engum tíma | 27,1 | 13 | 21,2 |
| | 1/2 til 1 klst. | 60,4 | 78,3 | 67,9 |
| | 2 til 3 klst. | 10,4 | 8,7 | 9,7 |
| | meira en 4 klst. | 2,1 | 0 | 1,2 |
| | | | | |
| 7. bekkur | Engum tíma | 30,6 | 16,1 | 23,3 |
| | 1/2 til 1 klst. | 57,6 | 64,4 | 61 |
| | 2 til 3 klst. | 10,6 | 16,1 | 13,4 |
| | meira en 4 klst. | 1,2 | 3,4 | 2,3 |

**Tafla 14.** Tími sem strákar og stelpur í 5., 6. og 7. bekk í Reykjanesbæ verja að jafnaði í að *lesa teiknimyndabækur eða teiknimyndablöð* á hverjum degi.

| Bekkur | Svarmöguleikar | Strákar (%) | Stelpur (%) | Heild (%) |
|---|---|---|---|---|
| 5. bekkur | Engum tíma | 42,7 | 45,8 | 44,3 |
| | 1/2 til 1 klst. | 49,3 | 48,2 | 48,7 |
| | 2 til 3 klst. | 6,7 | 3,6 | 5,1 |
| | meira en 4 klst. | 1,3 | 2,4 | 1,9 |
| | | | | |
| 6. bekkur | Engum tíma | 48,9 | 63,3 | 54,6 |
| | 1/2 til 1 klst. | 38 | 33,3 | 36,2 |
| | 2 til 3 klst. | 10,9 | 3,3 | 7,9 |
| | meira en 4 klst. | 2,2 | 0 | 1,3 |
| | | | | |
| 7. bekkur | Engum tíma | 56,6 | 65,9 | 61,3 |
| | 1/2 til 1 klst. | 33,7 | 27,1 | 30,4 |
| | 2 til 3 klst. | 6 | 3,5 | 4,8 |
| | meira en 4 klst. | 3,6 | 3,5 | 3,6 |

©2009 Rannsóknir & greining

# Heimildir


Allegrante, J.P. (2004). Unfit to Learn. *Education Week*, 24, 38-40.

Altermatt E.R. og Pomerantz, E.M. (2005). The implications of having high-achieving versus low-achieving friends: A longitudinal analysis. *Social Development*, *14*, 61-81.

Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir (í prentun). The Role of Parental Support, Parental Monitoring, and Time Spent With Parents in Adolescent Academic Achievement in Iceland: A Structural Model of Gender Differences. *Scandinavian Journal of Educational Research*.

Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Allegrante, J.P., Ásgeir R. Helgason (2008). Social correlates of cigarette smoking among Icelandic adolescents: a population-based cross-sectional study. *BMC Public Health*, 8:86.

Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon (2006). *Ung Fólk 2006. Menntun, menning, tómstundir og íþróttaiðkun ungmenna á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknir & greining.

Álfgeir Logi Kristjánsson, Silja Björk Baldursdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon (2005). *Ungt fólk 2004: Menntun, menning, tómstundir, íþróttaiðkun og framtíðarsýn íslenskra ungmenna*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Bachman, J.D., Johnston, L.D. og O'Malley, P.M. (1987). *Monitoring the future.* Ann Arbor: Institute for Social Research.

Bandura, A. (1977). *Social Learning Theory*. Prentice-Hall. Uppersaddle River, N.J.

Bowker A., Bukowski W.M., Hymel S. og Sippola L.K. (2000). Coping with daily hassles in the peer group during early adolescence: Variations as a function of peer experience. *Journal of Research in Adolescence*, *10*, 211-243.

Carter, D.S.G., Bennetts, C. og Carter, S.M. (2003). 'We're not sheep': Illuminating the nature of the adolescent peer group in effecting lifestyle choice. *British Journal of Sociology of Education*, 24, 225-241.

Coleman, J. (1988). Social Capital in the Creation of Human Capital. *American Journal of Sociology*, 94, 95-120.


**©2009 Rannsóknir & greining**

O'Byrne, K.K., Haddock, C.K., Poston, W.S.C. (2002). Parenting Style and Adolescent Smoking. *Journal of Adolescent Health*, 30: 418-425.

Osgood, D.W., Anderson, A.L. (2004). Unstructured Socializing and RAtes of Delinquency. *Criminology*, 42: 519-549.

Osgood, D.W., Wilson, J.K., O´Malley, P.M., Bachman, J.G. og Johnston, L.D. (1996). Routine activities and individual deviant behavior. *American Sociological Review*, 50, 231-243.

Hirschi, T. (1969). *Causes of delinquency*. Berkley: University of California Press.

Inga Dóra Sigfúsdóttir, Þórólfur Þórlindsson, Álfgeir Logi Kristjánsson, Roe, K., Allegrante, J.P. (2009). Substance Use Prevention for Adolescents: The Icelandic Model. *Health Promotion International*, 24: 16-25.

Jón Gunnar Bernburg, Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir (2009). The spreading of suicidal behavior: The contextual effect of community household poverty on adolescent suicidal behavior and the mediating role of suicide suggestion. *Social Science & Medicine*, 68: 380-389.

Paretti-Wetel, P. og Lorente, F.O. (2004). Cannabis use, sport practice and other leisure activities at the end of adolescence. *Drug and Alcohol Dependence*, 73, 251-257.

Piko B.F. og Fitzpatrick K.M. (2004). Substance use, religiosity, and other protective factors among Hungarian adolescents. *Addictive Behaviors, 29*, 1095-1107

Rúnar Vilhjálmsson og Þórólfur Þórlindsson (1992). The integrative and physiological effects of sports participation: A study of adolescence. *The Sociological Quarterly*, 33, 637-647.

Sheldon, S.B. og Epstein, J.L. (2005). Involvement Counts: Family and Community Partnerships and Mathematics Achievement. *The Journal of Educational Research*, 98, 196-206.

Sigríður Þóra Eiðsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Allegrante, J.P. (2008). Trends in physical activity and participation in sports clubs among Icelandic adolescents. *European Journal of Public Health*, 18: 289-293.

**©2009 Rannsóknir & greining**

Sutherland, E.H. og Cressey, D.R. (1978). *Criminology*. 10. útg. New York: Lippincott.

Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Viðar Halldórsson (1998). *Vímuefnaneysla ungs fólks: Umhverfi og aðstæður*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.

Þórólfur Þórlindsson, Jón Gunnar Bernburg. (2006). Peer groups and substance use: Examining the direct and interactive effect of leisure activity. *Adolescence*, 41: 321-339.

Þórólfur Þórlindsson, Þorlákur Karlsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir (1994). *Um gildi íþrótta fyrir íslensk ungmenni*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.

Þóroddur Bjarnason, Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Welch, M.R. (2005). Familial and Religious Influences on Adolescent Alcohol Use: A Multi-Level Study of Students and School Communities. *Social Forces*, 84: 375-390.

Þórólfur Þórlindsson, Þóroddur Bjarnason, Inga Dóra Sigfúsdóttir (2007). Individual and community processes of social closure: A study of Adolescent Academic Achievement and Alcohol Use. *Acta Sociologica*, 50: 161-178.

Warr, M. (1993). Age, peers and delinquency. *Criminology*, 31, 17-40.

**©2009 Rannsóknir & greining**